STÆKKUN Á FRÍSTUNDABYGGÐ Í LANDI URRIÐAÁRLANDS BREYTING AÐALSKIPULAGS BORGARBYGGÐAR 2010-2022

Hluti gildandi aðalskipulags
Staðfest af ráðherra 29.06.2011



Mkv: 1:100.000

Tillaga að breytingu



Mkv: 1:100.000

Skýringar
Landnotkunarflokkar í aðalskipulagi

- Óbyggð svæði (F84)
- Frístundabyggð
- Gott ræktanlegt land
- Landbúnaður
- Vötn og vatnsföll
- Hverfisvernd - flóar
- Hverfisvernd - birkiskógar og kjarr
- Stofnvegur
- Helstu héraðsvegir
- Reið- og gönguleiðir (L5) Þjóðminjavernd
- (R) Rafveita
- (S) Fjarskipti - Sími

Skýringaruppdráttur
Tillaga að breyttri landnotkun



Loftmyndir og hæðarlínur: Loftmyndir ehf. Ekki í mælikvarða

Skýringar

- Tillaga að stækkun frístundabyggðar
- Núverandi frístundabyggð
- Hverfisvernd birkiskógar og -kjarr
- Hverfisvernd mýra og flóa
- Votlendisvistgerðir NÍ (óuppfærð gögn)
- Skurðir
- Áhrifasvæði skurða
- Jarðamerki

Skýringaruppdráttur
Skýringaruppdráttur þessi er aðeins til skýringar.

1. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi sbr. 1. mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Fyrirhugað er að breyta aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022, þ.e. breyta landnotkun svæðis í landi Urriðaár úr landbúnaði í frístundabyggð. Um er að ræða stækkun á frístundabyggð F11. Núverandi stærð er 11,4 ha, en stækkar um 12 ha og verður í heild sinni 23,4 ha að stærð. Í lýsingu breytingar aðalskipulags sem auglýst var 20. október 2021 var gert ráð fyrir að stækkun frístundabyggðar yrði 11,2 ha, en við frekari vinnslu tillögunnar er stækkunin 12 ha. Það skýrist af breyttri legu vega og möguleika á betri nýtingu á svæðinu. Stækkunin er að sunnan- og austanverðu en einnig er verið að leiðrétta afmörkun frístundabyggðarinnar meðfram Brókarvatni. Aðkoma frístundabyggðarinnar mun vera um tvær vegtengingar við Snæfellsnesveg (54), þ.e. um Brókarstíg og Klettastíg. Fyrirhuguð stækkun frístundabyggðar í Urriðaá er í um 13 km fjarlægð frá Borgarnesi. Landslag Urriðaár er á þann veg, að klettahryggir liggja í stefnu frá norðaustri til suðvesturs. Holtin eru vaxin birkikjarri en á milli þeirra er votlendi.

Tillaga að afmörkun frístundabyggðar afmarkast af jörðinni Valshamri í norðri og að hluta á móti austri, annars af mýrardragi í austri, í suðri af klettahrygg og í vestri af núverandi frístundabyggð F11. Í aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 eru flóar og birkikjarr undir hverfisvernd. Fyrirhuguð breyting aðalskipulags er innan slíks svæðis. Í deiliskipulagsáætlun skulu vera skilmálar er varðar gróður, þ.e. að óheimilt verði að gróðursetja útlendar plöntur og/eða framandi ágengar tegundir innan lóða vegna sérstakrar verndar vegna votlendis og hverfisvernd birkiskóga sbr. 10. gr. reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000. Eingöngu verður heimilt að gróðursetja plöntur sem eiga uppruna sinn í íslensku plöntuflórunni. Gert er ráð fyrir allt að 17 lóða fjölgun á frístundabyggðarsvæðinu F11 og lóðarstærðir nýrra lóða verði á bilinu 3777 - 6875 m². Heimilt verður að byggja eitt frístundahús og eitt aukahús innan hverrar lóðar. Heimilað byggingarmagn á lóð verður 185 m². Frístundahús megi vera að hámarki 150 m² og aukahús að hámarki 35 m².

2. Tengsl breytingarinnar við aðrar skipulagsáætlanir

Landsskipulagsstefna

Landsskipulagsstefna leggur áherslu á að skipulagsákvarðanir um hönnun nýrra mannvirkja í dreifbýli taki mið af landslagi og staðháttum. Landsskipulagsstefna leggur áherslu á að við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda viðkomandi svæðis með tilliti til tækifæra í ferðaþjónustu. Skipulagsákvarðanir um ferðaþjónustu taki mið af náttúruverndarsjónarmiðum og miði jafnframt að því að ferðaþjónustuuppbygging nýtist jafnt íbúum á svæðinu og ferðamönnum.

Náttúruverndarsjónarmið verða í fyrrirúmi við uppbyggingu frístundarbyggðarinnar. Uppbygging frístundabyggðar (F11) hefur jákvæð árhrif á verslunar- og þjónustusvæði í nágrenni þar sem dvalargestum fjölgar.

Landsskipulagsstefnan leggur áherslu á að skipulagsáætlanir sveitarfélaga marki stefnu um gæði og yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýli. Skipulagsáætlanir um staðsetningu og hönnun nýrra mannvirkja í dreifbýli taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum. Um leið verði gætt að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur, og að byggð gangi ekki að óþörfu á svæði sem eru verðmæt til landbúnaðar eða vegna náttúruverndar.

Frístundabyggð F11 í landi Urriðaár mun falla vel að landslagi. Núverandi vegir verða nýttir fyrir aðkomu lóðanna, en að auki verður lagður 220 m langur botnlangi, sem mun heita Birkistígur. Breytingin mun ekki rýra verðmætt landbúnaðarland, en hluti af svæðinu er undir hverfisvernd, vegna birkiskóga og -kjarrs, og mýrar og flóa, en mótvægisaðgerðum verði beit til þessa að minnka neikvæðu áhrifinn, en hluti af svæðinu er á nú þegar röskuðu votlendissvæði, þ.e. að búið er að leggja vegi og skurði.

Aðalskipulag

Í aðalskipulagi er stefnt að því að land sem hentar vel til landbúnaðar verði ekki tekið til óafturkræfrar landnotkunar, heldur viðhaldið sem slíku ef þess er kostur. Svæðið sem hér um ræðir er skilgreint sem landbúnaðarsvæði, en er ekki skilgreint sem gott ræktanlegt land í aðalskipulagi og kemur það til af því að jarðvegur er mjög blautur og birkikjarr allsráðandi á svæðinu. Landið er því ekki hentugt til heyframleiðslu eða kornræktar og telst því ekki mikilvægt til matvælaframleiðslu. Sveitarstjórn Borgabyggðar tekur ávörðun um hvort á að leyfa breytingu á landnotkun landbúnaðarlands í aðalskipulagsbreytingunni þar sem landbúnaður hefur ekki verið flokkað í sveitarfélaginu sbr. 5. gr. jarðalaga nr. 81/2004. Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkir að breyta landnotkun landbúnaðarlands í landi Urriðaár í frístundabyggð þar sem fyrirhuguð áform um uppbyggingu frístundabyggðar í umræddu landi er mjög hentugt til frístundabyggðar. Samkvæmt aðalskipulagi eru tæpir 2 km í næsta góða ræktanlega landbúnaðarlandið og fyrirhuguð frístundabyggð mun ekki hafa áhrif á það land. Enn fremur eru fyrirhuguð skipulagsáform ekki stærri en þörf krefur, þ.e. 12 ha svæði skilgreinist sem frístundabyggð með 17 lóðum, vegum og opnum svæðum til útivistar.

3. Breyting í kafla 49 í greinargerð aðalskipulags

Samkvæmt aðalskipulagi kafla 4.9 *Frístundabyggðasvæði* eru skilgreind 76 frístundabyggðasvæði innan sveitarfélagsins, núverandi stærð frístundabyggðasvæðis F11 er 11,4 ha. Það stækkar um 12 ha og verður 23,4 ha að stærð eftir breytingu.

Skilgreind svæði

Jörð	Stærð (HA)	Tilvísun í sveitarfélagsuppdrátt
Urriðaá	23,4	F11

4. Vistgerðir og hverfisvernd

Vistgerðir á svæðinu

Samkvæmt kortagrunni frá Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) er varðar *Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi* eru þrjár vistgerðir sem eru með verndargildi á svæðinu. Þær eru starungsmýravist sem er með mjög hátt verndargildi, kjarrskógavist sem er með hátt verndargildi og Brokflóavist sem er með mjög hátt verndargildi og eru þær á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundir eins og lóuþræll, spói, þúfutittlinga, hrossagaukur, jaðrakan og stelkur nýti slíka vistgerð til varps. Lóuþræll, jaðrakan, stelkur og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Í kjarrskógavist getur verið ríkulegt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundir eins og skógarþröstur, þúfutittlinga, hrossagaukur, rjúpa og músarrindill.

Í brokflóavist getur verið allríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundir eins og lóuþræll, spói, þúfutittlinga, hrossagaukur og álft.

Vistgerðakortið *Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi* er unnið í mælikvarðanum 1:25.000 og er því ekki nákvæmt fyrir t.d. deiliskipulagsáætlun. Við gerð deiliskipulagsáætlunar skal taka tillit til vistgerðanna og búsvæði fuglana með því að halda öllu raski á svæðinu í lágmarki og á framkvæmdartíma, við lagningu vega, lagna og fráveitumannvirkja. Við uppgræðslu skal nota staðargróður eins og kostur er t.d. með því að geyma svarðlag úr húsgrunnum og vegstæði til að leggja aftur yfir. Með slíkum frágangi er hægt að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á umhverfið og eru slík vinnubrögð mjög mikilvæg þegar um er að ræða vistgerðir með mjög hátt og hátt verndargildi. Hægt er að finna leiðbeiningar um frágang raskaðra svæða inn á www.namur.is.

Votlendi

Samkvæmt kortagrunni frá Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) er varðar Sérstök vernd náttúrufyrirbæra er lítið raskað votlendi sem er stærri en 20.000 m2 innan skipulagssvæðis og nýtur það sérstakrar verndar sbr. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Samkvæmt upplýsingum um kortagrunninn kemur fram að skilgreind voru 200 m jaðarsvæði umhverfis skurði, en áhrifasvæði þeirra er um 200 m til beggja handa í flötu landi. Eins og sjá má á skýringaruppdrætti að þá hafa ekki allir skurðir verið teknir með eða að þeir séu nýrri en kortagrunnur NÍ. Á svæðinu er til að mynda búið að grafa skurð beggja vegna við Klettastíg. Hægt er að sjá á skýringaruppdrættinum áhrifasvæði skurðanna sem liggja með Klettastíg. Á uppdrættinum má sjá að lítið raskað votlendi er ekki innan skipulagsvæðis. NÍ er búin að uppfæra gögnin sín og samkvæmt kortasjánni er lítið raskað votlendi sem er stærri en 20.000 m2 ekki innan skipulagssvæðisins. Uppfærðu gögnin af votlendisafmörkuninni hafa ekki borist við gerð þessara aðalskipulagsbreytingar og sýnir skýringaruppdráttinn því óuppfærð gögn.

Taka skal tillit til vistgerðanna við gerð deiliskipulagsáætlunar. Ekki verði heimilt að grafa skurðir meðfram nýjum vegum til að halda umhverfisáhrifum í lágmarki. Á framkvæmdartíma verður öllu raski haldið í lágmarki. Byggingarreitir skulu afmarkaðir í samræmi við votlendisvistgerðir innan svæðisins eins og kostur er. Mikilvægt er gagnvart náttúru svæðisins að reyna að halda öllu jarðraski í lágmarki innan skipulagssvæðisins meðan á framkvæmdum stendur.

Samkvæmt aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 eru mýrar og flóar sem eru 3 ha eða stærri undir hverfisvernd. Sbr. aðalskipulagi skal halda í votlendissvæði sem eru enn óröskuð í sveitafélaginu, votlendi hefur mikilvægt gildi þar sem það hefur afgerandi áhrif á hringrás vatns- og næringarefna, ásamt því að auka við líffræðilega fjölbreytni viðkomandi svæðis. Framkvæmdir sem raska vatnsbúskap og vistkerfi flóa eru óheimilar nema með leyfi sveitastjórnar. Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar er jákvæð fyrir fyrirhuguðum áætlunum um svæðið sbr. 23. fundi skipulags- og byggingarnefndar Borgarbyggðar, dags. 6. apríl 2021. Á fyrirhuguðu svæði er votlendið þegar raskað, þar sem búið er að leggja veg og skurði meðfram honum. Fyrirhuguð aðalskipulagsbreyting mun ekki hafa neikvæð áhrif á óraskað votlendi og öllu raski verður haldið í lágmarki á framkvæmdartíma.

Ekki verður þörf á að leita umsagnar Umhverfisstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar, við öflun framkvæmdaleyfis eða byggingarleyfis sem hafa för með sér röskun á votlendi sem njóta sérstakar verndar, ef liggur fyrir staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulags þar sem umsagnir liggja fyrir sbr. 3. mgr. 61 gr. lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

Birkiskógar og -kjarr

Samkvæmt aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 eru birkiskógar og -kjarr undir hverfisvernd. Sbr. aðalskipulagi er lögð sérstök áhersla á að vistkerfi og ásýnd þeirra verði fyrir minnstri röskun. Lögð verður áhersla á við deiliskipulagsgerð að á framkvæmdatíma skuli haga framkvæmdum þannig að vistkerfin raskist sem minnst og að mótvægisaðgerðum verði beitt, með því að gróðursetja birki í nálægð við svæðið. Einnig verður óheimilt að gróðursetja plöntur sem eiga ekki uppruna sinn í íslensku plöntuflórunni á skipulagssvæðinu. Birkikjarr er aðallega á klettahryggjum og skulu byggingarreitir staðsettir fyrir neðan þá, þannig að framkvæmdir raski sem minnst birkikjarri.

Samkvæmt kortagrunni frá Skógræktinni er varðar *Náttúrulegt birki á Íslandi* er skilgreindur birkiskógur á skipulagssvæðinu, svæðið er skipt upp í tvö svæði. Á norðursvæðinu er núverandi hæð birkiskógsins um 0,5-1,3 metrar og er heildarþekja birkisins um 30% krónuþekja, aldur birkisins er um 15-30 ára. Á suðursvæðinu er núverandi hæð birkiskógsins um 2-3 metrar og er heildarþekja birkisins um 50% krónuþekja, aldur birkisins er um 30-60 ára. Birkiskógurinn á skipulagsvæðinu fellur undir náttúruskóg, náttúruskógur er skilgreindur sem land sem er að lágmarki 0,5 ha að flatarmáli, þar sem sjálfsánar innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná að lágmarki tveggja metra hæð fullvaxnar og með að lágmarki 10% krónuþekju sbr. lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019. Markmið lagana er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Fyrirhugaðar framkvæmdir stuðla ekki að mikilli eyðingu náttúruskóga. Lögð er áhersla á að á framkvæmdatíma skuli haga framkvæmdum þannig að birkikjarr raskist sem minnst og að mótvægisaðgerðum verði beitt, með því að gróðursetja birki annarsstaðar á frístundalóðunum eða á opnu svæði sbr. 19 gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019.

Sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra, þar sem er m.a. gömul tré falla undir sérstaka vernd sbr. b. lið 1. mgr. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Skv. umsögn frá Skógræktinni fellur birkiskógurinn ekki undir sérstaka vernd sbr. b. lið 1. mgr. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Birkiskógurinn á svæðinu er talin vera 15-30 ára og 30-60 ára skv. kortgrunni frá Skógræktinni. Á norðanverður svæðinu er um að ræða frekar ungar plöntur um 15-30 ára, á sunnanverður svæðinu er um að ræða birkiplöntur sem eru um 30-60 ára, birkiskógurinn þar með talinn ekki gamall eða vera vistfræðilega mikilvægur í heildarsamhenginu.

5. Forsendur og rökstuðningur fyrir breytingartillögu

Það er mat landeiganda að skortur er á frístundalóðum á svæðinu. Síðastliðin ár hefur verið mikill áhugi fyrir frístundalóðum. Ástæður þess má meðal annars rekja til Covid- 19, þar sem fólk vill komast í bústaðina sína, burt frá streituvöldum og í snertingu við náttúruna. Frístundabyggðarsvæði F11 er nánast fullbyggt og þar sem mikil eftirspurn er eftir lóðum á þessu svæði er þörf á að stækka svæðið. Vinsældir svæðisins eru miklar meðal annars vegna mikillar veðursældar, frjósams jarðvegar, mikils gróðurs á svæðinu og vegna nálægðar við Borgarnes og höfuðborgarsvæðið. Þetta er góður valkostur fyrir fólk sem vill kaupa/leigja sér frístundalóð í nálægð við höfuðborgarsvæðið.

Landeigandi hefur einbeitt sér að uppbyggingu frístundabyggðarinnar þar sem hann er hættur búskap og er þá frístundabyggðin hans atvinnugrein. Landeigandi hefur áhuga á áframhaldandi stækkun og er þessi breyting fyrsti skrefið í þá átt.

Núverandi vegtenging við Snæfellsnesveg verður nýtt fyrir fyrirhugaða frístundabyggð. Önnur vegtengingin er í framkvæmd, en sveitarstjórn samþykkti þann 12. ágúst 2021 að veitt yrði framkvæmdaleyfi fyrir auka vegtengingu sbr. 15. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 til að tryggja flóttaleið út úr byggðinni vegna hættu á gróðureldum. Aðrir innviði eins og vatnsból og lagnir eru til staðar. Lagður verður 220 m langur botnlagni, sem mun heita Birkistígur, og lagnir lagðar að nýjum lóðum. Frístundabyggðin er mikilvægur þáttur í að styrkja uppbyggingu verslunar og þjónustu og nýta þá innviði sem fyrir eru. Gera má ráð fyrir að lóðarhafar fegri umhverfi sitt og stundi skógrækt á lóðum sínum sem er jákvætt gagnvart veðurfari, útivist o.fl., en einungis verður heimilt að gróðursetja plöntur sem tilheyra íslensku plöntuflórunni.

6. Áhrif breytingar á samfélag og umhverfi

Fornleifaskráning hefur verið unnin á svæðinu sbr. skýrslu *"Fornleifaskráning vegna sumarbústaðalóða í landi Urriðaár"* sem unnin var af Antikva ehf., dags. þann 22. júlí 2022. Engar fornleifar fundust innan skipulagssvæðis og mun því breytingin ekki hafa áhrif á menningarminjar, en hafa ber í huga ákvæði 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 þar sem segir: *"Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands."*

Þar sem framkvæmdir raska birki verður mótvægisaðgerðum beitt til þessa að minnka neikvæð umhverfisáhrif. Það er gert með endurheimt birkis annarstaðar. Heimilt verður að gróðursetja á stór samfelld svæði eða á minni svæði t.d. á vegum einstaklinga. Staðsetning byggingarreita skal taka mið af vistkerfi lóðanna. Svæðið er þá þegar raskað með skurðum og þá þegar lögðum vegi. Uppbygging mun því ekki hafa áhrif á óraskað votlendi.

Tekið hefur verið tillit til fuglalífs við val á stækkun frístundabyggðarinnar, þar sem stækkunin kemur í beinu framhaldi af núverandi byggð og myndar samfellda byggð, Með samfelldri byggð næst að varðveita stærri samfelld óröskuð svæði sem er afar jákvætt fyrri búsvæði sumra fuglategunda sem forðast innviði eins og vegi, rafmagnslínur og byggingar. Það hefur töluvert meiri áhrif á búsvæði fugla að hefja uppbygginu á nýrra frístundabyggða á nýjum óröskuðum svæðum frekar en að stækka núverandi frístundabyggð.

Stækkun frístundabyggðarinnar er ekki á samfelldu óröskuðu votlendissvæði sem er stærra en 20.000 ha og falla áformin því ekki undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

7. Skipulagsferli, kynning og samráð

Lýsing breytingar á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010- 2022 fyrir stækkun á frístundabyggð í landi Urriðaárlands, var tekin fyrir á fundi sveitarstjórnar þann 14. október 2021. Leitað var umsagnar lýsingar breytingartillögu hjá eftirtöldum aðilum: Skipulagsstofnun, Vegagerðinni, Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands, Slökkviliði Borgarbyggðar og Heilbrigðiseftirliti Vesturlands í október 2021. Lýsingin var auglýst þann 20. október til 1. nóvember 2021, á heimasíðu sveitarfélagsins www.borgarbyggd.is og skipulagslýsingin var til sýnis í Ráðhúsi Borgarbyggðar, þar sem íbúar og hagsmunaaðilar voru hvattir til að kynna sér lýsinguna og senda inn ábendingar. Umsagnir bárust frá öllum umsagnaraðilum. Umsagnir kölluðu ekki á viðbrögð að undanskildum umsögnum Skipulagsstofnunar og Umhverfisstofnunar. Engar ábendingar bárust á auglýsingartíma.

Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar voru þeir sömu nema Skógræktin og Náttúrufræðistofnun Íslands bættust við. Tillagan að aðalskipulagsbreytingu var samþykkt til auglýsingar þann 10.febrúar 2022 af sveitarstjórn Borgarbyggðar. Tillagan var auglýst í Fréttablaðinu, Skessuhorni og á heimasíðu Borgarbyggðar 23. mars 2022 og birtist í Lögbirtingablaðinu 23. mars 2022. Athugasemdarfrestur var til 5. maí 2022. Umsagnir bárust frá öllum aðilum, brugðist hefur við þeim. Ítarlegri umfjöllun um búsvæði fugla, afmörkun votlendis, birkiskóga og rökstuðningur um staðsetningarval fyrir frístundabyggðina hefur verið bætt við eftir auglýsingu. Að auglýsingartíma liðnum er tillagan tekin fyrir í sveitarstjórn til samþykktar og reikna má með að það verði í ágúst 2022. Að lokinni samþykkt sveitarstjórnar skal senda tillöguna til Skipulagsstofnunar til staðfestingar og skal stofnunin auglýsa aðalskipulagsbreytinguna í B-deild Stjórnartíðinda innan fjögurra vikna og tekur hún þar með gildi, reikna má með að það verði í september 2022.

8. Samþykkt og staðfesting

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 23. mars til 5. maí 2022 var samþykkt í sveitarstjórn Borgarbyggðar þann _____ 2022.

_____

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____ 2022.

_____

Auglýsing um gildistöku aðalskipulagsbreytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____2022.

BREYTING AÐALSKIPULAGS BORGARBYGGÐAR
URRIÐAÁRLAND
STÆKKUN Á FRÍSTUNDABYGGÐ

landlinur hönnun og skipulag

Mælikvarði	Dagsetning	Verkheiti	Skráarheiti	Uppdráttur
1:100000 (A2)	09.02.2022	a1301-Urriðaá_ASK	a1301-Urriðaá_ASK.dgn	VÞ/SÓÁ/MTS

02.08.2022: Ítarlegri umfjöllun um búsvæði fugla, afmörkun votlendis, birkiskóga og rökstuðningur um staðsetningarval frístundabyggðarinnar hefur verið bætt við eftir auglýsingu. Kafli 6 "Skipulagsferli, kynning og samráð" hefur verið uppfærður í samræmi við ferli málsins.

Borgarbraut 61, 310 Borgarnes - sími 4351254
landlinur@landlinur.is - www.landlinur.is

Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir
Landslagsarkitekt FÍLA